

## Stefna

### Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni

*FEB eru samtök eldri borgara í Reykjavík og nágrenni með rúmlega 12 þúsund félagsmenn. Markmið félagsins er að gæta hagsmuna eldri borgara en jafnframt vera vettvangur umræðna um málefni eldri borgara og fjölbreytts félagsstarfs. Eldri borgarar er margbreytilegur hópur sem spannar vítt svið með mismunandi þarfir og fer hratt stækkandi. FEB leggur áherslu á að mæta þörfum sem flestra með sínu fjölbreyta starfi.*

#### **Hlutverk FEB er að beita sér fyrir:**

- Að eftirlaunafólk búi við fjárhagslegt og félagslegt öryggi.
- Að dregið verði úr tekjutengingum almannatrygginga vegna lífeyris.
- Að tryggja aðgang að heildstæðri heilbrigðisþjónustu.
- Að allir sem þess þurfa, fái aðgang að hjúkrunarheimilum.
- Að allir hafi aðgang heimahjúkrun og félagslegri þjónustu eftir þörfum hvers og eins.
- Að vinna gegn félagslegri einangrun og einmanaleika eldra fólks með fjölbreyttu og öflugu félagstarfi.
- Að heilsuefling meðal eldri borgara verði efld.
- Að eldri borgarar búi ekki við mismunun og séu virkir neytendur menningar og menntunar.

#### **FEB leggur áherslu á lausnir í húsnæðismálum með því að:**

- Í boði séu fjölbreyttar lausnir til að tryggja öllum félagsmönnum öryggi í húsnæðismálum.
- Leita samstarfs við ríki, sveitarfélög og félagasamtök um uppbyggingu félagslegs húsnæðis og byggingu hagkvæms húsnæðis fyrir félagsmenn.
- Skoða hagkvæmni þess að gera þjónustusamninga við aðila sem byggja og reka leighuhúsnæði án hagnaðar.
- Skoða kosti þess að stofna sérstakt félag um rekstur og byggingu íbúðarhúsnæðis fyrir félagsmenn.
- Koma á viðræðum milli FEB og Samtaka aldraða um aukið samstarf í húsnæðismálum.
- Beita sér fyrir að tekið sé í auknu mæli tillit til eldri borgara við skipulagningu íbúðahverfa m.a. varðandi aðgang að nærbjónustu

#### **Samstarf FEB og LEB**

- FEB vill aukið samstarf við LEB með því að m.a. með halda reglulega samráðsfundi og koma á samstarfi í einstökum verkefnum.
- Gert verði samkomulag um verkaskiptingu milli FEB og LEB

*EBS*

*AS 0.07*

### Skrifstofa FEB styður og eflir félagsstarfið með því að:

- Tryggja áfram góða þjónustu þar sem boðið er upp á öfluga upplýsingagjöf og ráðgjafþjónustu til félagsmanna.
- Standa fyrir öflugum almannatengslum annað hvort með samningi við fagaðila eða ráðningu sérhæfðs starfsmanns.
- Vera áfram með fjölbreytt og virkt félagsstarf til að mæta þörfum og óskum sem flestra félagsmanna.

### FEB og Grái herinn

- FEB leggur áherslu á að Grái herinn eru frjáls samtök eldri borgara óháð búsetu.
- FEB vill stuðla að því að að Grái herinn hafi stuðning og afl til að bregðast hratt við aðstæðum hverju sinni.
- FEB leggur áherslu á gott samstarf við Gráa herinn m.a til að tryggja betri skilvirkni og árangur í baráttumálum aldraðra.

Erný B Schram  
Sigr. Snæbjarnsdóttir  
þorlakur Guðmundur  
Ólafur Þorláksson  
Guðrún Þuradóttir  
Timmer Brignsen  
Ólaf Þór Þorláksson